

Nýjarshugsanir 1939!

34

I.

Á nýjarinu 1932, fyrir 7 árum, skrifaði eg grein, sem eg hætti við að birta vegna þess, hve mér er ógeðfellt að fara með hrakspár. Sú varð þó raunin á, að mér hafði ekki missýnst um horfurnar, og nægir að nefna bardagann hér í Reykjavík 9. nóv. það ár, sem óhætt er að telja með því ljótasta, sem gerst hefir hér á landi öldum saman. Aldrei hefir þó, að því er mér virðist, annar eins voði og nú, vofað yfir þjóð vorri (og fleirum), og væri ekki rétt af mér að þegja, þar sem eg er sannfærður um, að þeim voða mætti afstýra. Hin hörmulegu slys, sem hér urðu árið sem leið, munu verða talin eins og gustur á undan stormi, ef nær að skella á élið, sem nú syrtir að.

II.

Engin hvít þjóð hefir átt eins erfitt uppdráttar og Íslendingar, og þarf því til sönnunar ekki að nefna, annað en það, að á sama tíma sem frændþjóðir vorar á Norðurlöndum höfðu stórauðist að mannfjölda, hafði fólkinu hér á landi stórfækkað, auk þess sem hin grænenska þjóðargrein af íslenskum stofni hafði algerlega kulnað út. Er þetta því eftirtektarverðara, sem ýmislegt bendir til þess ótvíræðlega, að hinni íslensku

þjóð sé þýðingarmikið hlutvek ætlað í sögu mannkynsins, og að hér á landi hafi um tíma jafnvel verið það sem nefna mætti vaxtarbrodd mannkyns vors. En um aldamótin 1300 verða hér á landi svo illkynjð umskifti, að aldrei síðan hefir þjóðin rétt við til fulls. Efir það er líkast því sem þjóðin er rötarslitin, og höfðu þau rötarslit nú raunar hafist með kristnitökunni. Um það, sem hér kemur til greina, er ekki til neins að leita fróðleiks í útlendum bókum, og er því hætt við að þetta, mjög svo áriðandi mál eigi hér nokkuð erfitt uppdráttar. Guðir hins norræna kyns voru skylt en mjög miku lengra komið mannkyn, sem aðra jörð byggir, og mögnuðut hinir heiðnu forfeður vorir þáan og sóttu þangað stuðning og leiðsögn. Varð þetta þó milli síður en vera þurfti, sakir þess hversu hugmyndirnar um þessar æðri verur og alt þetta samband, voru rangar og ófúlkomnar. Og af þeirri ástæðu var það, sem samband þetta at slitnað og tekin var upp trú á hinar æðri verur annarar manættar. En afleiðingarnar af því urðu þær, að hinu norræna kyni hrakaði bæði um líkamlegt og andlegt atgervi. En nú gttur orðið ennþá gagngerðri breyting en sú sem varð fyrir

öldum, og þó á hinn veginn þannig, að mannætt vor nái nú hinni réttu stefnu. Og einmætt af því að hér er um sannleikann að ræða, getur þetta orðið án alls fjandskapar og nokkurrar herferðar. En verði þessi sannleikur þeginn og tekinn til ávöxtunar, þá mun fyrst koma það þjóðarvor sem með þarf. Þá mun eyðast voðinn sem nú er svo yfirvofandi. Þá verður Ísland í sannleika Farsælda Frón, og það ljós sem hér tindrast mun lýsa öllu mannkyni á leið friðar og sannra framfara. Og þá mun Ísland verða talið landið helga, öllum löndum fremur.

III.

Eg hefi vakið máls á þessu áður, en því hefir of lítið verið sint. Og það sem verra er: Viðleitni mín í þessa átt hefir mætt hinum megnasta fjandskap, þó að dult hafi farið. Um allmörg ár hefir af hinum mesta niðingsskap og þrákelkni verið leitast við að tefja fyrir mér og eyðileggja líf mitt, og var til muna á þessari ótrúlegu ofsókn hert um það leyti sem kreppan mikla hófst. Á þessu þarf endir að verða, og eins á sljóleik Íslendinga gagnvart þeim sannleika, sem ekki verður án verið, ef dugnaður manna á sjó og landi á að koma að fullum notum. Og er þó raunar

of lítið sagt. Því að ef ekki tekst að opna augu íslensku þjóðarinnar fyrir því hve mjög hún gæti orðið öllu mannkyni til gagns og fyrirmyndar, þá verður voðanum ekki afstýrt. Þá mun fara fyrir oss hér, líkt og fór fyrir niðjum Íslendinga á Grænlandi. Og þó raunar enn þá ver. Segi eg þetta fyrir eins hiklaust og eg sagði fyrir ófriðinn mikla vorið 1914.

1.—4. jan.

Helgi Pjeturss.

E.S. Eftirtekta-vert virðist mér hvernig hvert slysið hefir rekið annað síðan grein þessi var rituð, og man eg ekki eftir neinu ári, sem byrjað hafi jafnslysalega. Er það grunur minn að svo gæti farið að varla mundu liða 3 ár áður hæfust hér manndráp, varla meira en 10 ár áður hér yrði sú óáran, að fólkinu fækkaði um þúsundir, og varla 100 ár áður íslenzka þjóðin yrði með öllu undir lok liðin. Það mannkyn, sem bent hefir verið á leiðina frá Helstefnu til Lífstefnu, og ekki þiggur þá bendingu, er í meiri hættu statt en nokkru sinni áður. En fyrst af öllu mundi íslenzka þjóðin undir lok liða vegna þess, að hér átti vaxtarbroddurinn að vera.

13. jan.

Lm

H. P.

Uá 139